

Nd.

1035. Þingsályktun

um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þau læknishéruð, er þess óska, geti fengið einn bíl hvert af þeim bílum, sem ríkisstjórnin kaupir af setuliðinu, og megi stjórnir læknishéraðanna ráða, hvort þau taka sjúkra-bifreið eða „jeep“-bíll. Bílana skal selja læknishéruðunum með kostnaðarverði. Slysavarnafélag Íslands njóti sömu kjara um 2 bíla, sem það þarf að kaupa vegna starfsemi sinnar. Dýralæknum sé og gefinn kostur á „jeep“-bílum með sömu kjörum.

Jafnframt er lagt fyrir heilbrigðisstjórnina að semja reglur um notkun bíla, er læknishéruð eiga, er tryggi, að þeir verði ekki seldir og að af þeim verði sem fyllst not fyrir héraðsbúa.